



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælishátíð
Félags eldri borgara
19. mars 2006

Ágætu hátíðargestir

Þegar Margrét móðursystir mín sem nú býr í hárri elli á Vífilsstöðum var að alast upp á Þingeyri við Dýrafjörð var Ísland enn, eins og það hafði verið um aldir, fátækasta landið í álfunni, samfélag bænda og sjómanna sem bar svipmót daglegra anna við að hafa í sig og á; að nýta haustið til að safna forða til vetrartímans, tryggja að kjallarinn væri fullur af kartöflusekkjum, kvartilum með söltuðu kjöti, krukkum með sultu sem gerð var úr berjum sem tínd höfðu verið á heiðum uppi.

Rafvæðing var varla gengin í garð, kirkjan lýst með olíulömpum, vetrarmyrkrið grúfði yfir, skipakomur strjálar, engir vegir í næstu firði, útvarpið fjarlæg hugmynd, daglegar fréttir bárust ekki í Dýrafjörðinn frekar en í aðrar byggðir, hagsæld fólksins var háð erfiðinu, gæftum og sjávarafla; ærið oft var hart í ári, þúsundir fjölskyldna bárust í bökkum, húsakostur víða þröngur, oft tugir manna í litlu rými, kalt og napurt því kyndingin var af skornum skammti.

Samt hafði fólkið kjark til að sækja fram, atorku til að halda á brattann, bar drauma í brjósti um betra líf, átti hugsjónaeld, vonina um nýja tíma. Ekkert var þó sjálfgefið í baráttunni og oft var óvíst hvort sigur næðist, aðstæður í veröldinni mögnuðu vandamálin: kreppan mikla herti fjötra fátæktarinnar, heimsstyrjöldin skapaði ótta, kalda stríðið dró landið í brennidepil átakanna, og gleymum ekki baráttunni um landhelgina þegar aðrar þjóðir reyndu að setja sjálfsbjörg okkar þröngar skorður.

Allt er þetta mikil saga, Íslandssagan á liðinni öld, saga af stakkaskiptum þjóðfélagsins, saga um glæst framfararskeið, hið mesta frá upphafi byggðar, saga um hvernig Íslendingar náðu í fremstu röð, skópu þjóðartekjur til jafns við þá sem ríkastir eru, gerðu réttinn til menntunar og réttinn til umönnunar að hornsteinum þjóðfélagsins, sendu æskufólk til náms um víða veröld, lögðu vegi, byggðu brýr, flugvelli og hafnir,

sjúkrahús og stöðvar fyrir heilsugæslu, sagan af því hvernig Íslendingar tóku bestu tækni í sína þágu, náðu efstu sætum í notkun á sínum, tölvum og heimilistækjum.

Og nú fer vösk sveit íslenskra athafnamanna um lönd og álfur og skapar ótal ný tækifæri. Í Danmörku einni eru Íslendingar í stjórnnum 200 fyrirtækja og hefði slíkt einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar og komið Jóni Grindvíkingi í opna skjöldu í samræðum við nafna hans, bóndann frá Rein.

Framleiðsla á lyfjum, fjarskipti, flugrekstur, smásöluverslun, fjármálasýsla, framleiðsla á matvælum af mörgu tagi; allt þetta og ýmislegt fleira setur svip á útrásina. Mörg íslensk fyrirtæki eru orðin svo alþjóðleg að athafnanetið nær til fjölda landa, þúsundir starfsmanna af ólíku þjóðerni koma þar að verki. Í Bretlandi vinna fleiri hjá íslenskum fyrirtækjum en sem nemur íbúum Kópavogs, Hafnarfjarðar og Akureyrar samanlagt.

Allt er þetta með miklum ólíkindum, nánast eins og ævintýri, enda gengur erlendum gestum sem hingað koma erfiðlega að komast til botns í þessu öllu saman; og enn flóknara verður málið þegar hinu fjölskrúðuga listalífi er bætt í safnið, þúsundum tónleika á hverju ári, leikhúsum, listasöfnum, útgáfu bóka og fræðiriti; og atorkan í vísindunum er ekki síðri; þar eigum við einnig öflugra sveit í fremstu röð – já, hinir erlendu gestir spyrja í forundran hverju þetta sætir, hvað Íslendingar hafi umfram aðra, hverjir hafi lyft slíku grettistaki?

Og tíminn er í raun undraskammur, þróunin bundin við æviskeið Margrétar frænku minnar sem ég nefndi áðan, kynslóðarinnar sem óx úr grasi á fyrstu áratugum liðinnar aldar, fólksins sem nú býr í hárrí elli, margt hvert við þröngan kost og slíka erfiðleika á hverjum degi að varla er hægt að tala um að aðstæður séu mannsæmandi svo notað sé viðmið sem löngum var beitt þegar rætt var um árangur á vettvangi kjaramála.

Þessi kynslóð skóp það Ísland sem við nú njótum og þekkjum, land tækifæra og velmegunar, land sem skipar efstu sæti á öllum mælikvörðum sem notaðir eru til að meta árangur þjóða.

Án ævistarfsins sem þessi kynslóð hefur skilað væri þjóðin enn að berjast við að ná sér upp úr lægri sætum, stæðist á engan hátt samanburð við þá sem framúr skara og unga fólkið, sem nú hefur heiminn allan að athafnavelli, væri ekki búið jafn vel úr garði og raun ber vitni, hefði ekki notið menntunar við frábær fræðasetur, hefði ekki aðgang að samskiptaneti á við það besta sem þekkist í veröldinni, gæti varla borið sigurorð af keppinautum frá öðrum löndum í jafn ríkum mæli og raun ber vitni.

Í stuttu máli: útrásin, árangurinn í atvinnulífi, vísindum og á vettvangi lista – sú framganga Íslendinga sem nú skapar okkur í senn frægð og virðingu – er í raun afrakstur ævistarfsins sem kynslóð hinna eldri innti af hendi, verkanna sem þau létu í té, alúðar við lausn vandamála, trúar á mátt og megin Íslendinga, sjálftraustsins sem eflði þeim þrótt.

Þjóðin er í mikilli þakkarskuld við þessa kynslóð, þakkarskuld sem ætti að vera létt verk að greiða ef tekið væri mið af auðlegðinni sem við nú njótum og arðinum sem fæst úr ólíkum greinum, arði sem nemur hundruðum miljarða á ári hverju – gleymum ekki að tvö fyrirtæki tjáðu okkur fyrir skömmu að þau hefðu hvort um sig haft rúma 50 miljarða í hagnað á liðnu ári.

Auðlegð Íslendinga er vissulega orðin mikil, ærin við upphaf nýrrar aldar, en samt skortir nokkuð á að náðst hafi samstaða um að setja líf skjör aldraðra efst á forgangslistann, samstaða um að sýna í verki þakklæti til kynslóðarinnar sem kom Íslandi í slíka afbragðsstöðu.

Það hefur löngum þótt kurteisi að þakka fyrir sig og sína og Íslendingum hefur fylgt sú venja að blessa góðgerðirnar sem boðnar eru, að standa upp frá borði að lokinni máltíð með þakklæti í huga.

Þessi góði siður þarf að móta afstöðu samfélagsins til aðbúnaðar þeirra sem aldraðir eru, stuðla að því að verkin tali, lýsi þakklætinu sem siðferðilega hlýtur að vera okkur efst í huga því hver og einn, já, sérhver Íslendingur, hefur notið góðs af ævistarfi þeirra sem nú ljúka senn göngu sinni.

Í ávarpi til þjóðarinnar á nýársdag nefndi ég að það væri til marks um siðmenningu hvernig þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið, gerir þeim kleift að njóta árána sem eftir eru, tryggir öryggi og aðhlynningu.

Margt hefði vel verið gert á þessu sviði og við hjónin hefðum í heimsóknum okkar víða um land séð glæsileg og vel búin húsakynni, hitt áhugasamt starfsfólk sem kappkostar að auðga líf heimilismanna. Engu að síður skorti enn verulega að bætt hafi verið úr brýnni þörf. Ég sagði einnig:

„Margar fjölskyldur þekkja af eigin raun erfiðleika sem fylgja því að finna öldruðum viðeigandi dvalarstað og biðlistar sem stofnanir og hjúkrunarheimili glíma við hafa reynst þrautin þyngri. Óvissan er hinum öldruðu þungbær og fjölskyldum þeirra oft hugarkvöl.

Afkoma og aðbúnaður aldraðra þarf að færast einna fremst í forgangsroð og ef einhverjum vex í augum fjárþörfin á þessu sviði þá er

hollt að minnast þess að ævin líður undra hratt og fljótt kemur að okkur sjálfum. Líklega verða kröfur okkar meiri en hinna sem lifðu við nægjusemi enda erum við góðu vön frá atlætinu sem hin fyrri kynslóð veitti okkur.

Vonandi berum við gæfu til að skapa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld og finna þakklætinu farveg til frekari umbóta þeim til handa.

Hér þurfa allir að leggjast á árar, Alþingi og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og atvinnulífið, sameinast um að finna lausn á brýnum vanda og skilja engan útundan í þessum efnunum. Verkefnið er hafið yfir allan ágreining enda þakkarskuldin söm og jöfn hvar í flokki sem menn standa.“

Þessi ummæli úr nýársávarpinu eru ítrekuð hér um leið og Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrennabyggðum eru færðar árnaðaróskir á merkum tímamótum og þakkir fyrir ötulan málflutning, fyrir að halda vöku sinni og skerpa skilning okkar á hagsmunum sem eru í húfi, á þörfinni sem orðin er ærið brýn, á vandamálum sem krefjast úrlausnar á hverjum degi.

Það bærust nýlega fréttir af því hvernig hjón eru skilin í sundur vegna þess að viðeigandi þjónustu skortir, að ævifélagar fái ekki að njóta samvista síðustu árin því samfélagið bætir ekki úr brýnni þörf, aðstæður minni á grimmdina sem einkenndi hreppaflutninga á fyrri öldum.

Þjóðfélag sem býr við þær alsnægtir sem einkenna þjóðartekjur okkar Íslendinga getur ekki sóma síns vegna látið það líðast öllu lengur að aldraðir búi við slíkan kost og margir eigi ekki fyrir daglegum þörfum, séu á biðlistum árum saman eftir að njóta umönnunar og öðlast dvalarstað sem hæfir þverrandi heilsu.

Skorturinn á aðbúnaði er ekki einkamál þeirra sem aldraðir eru heldur snertir hann líka lífshjör og hamingju fjölskyldnanna, barna og barnabarna, ættingjanna sem taka þátt í glímunni við erfiðleika, líða fyrir bjargarleysið og skilja ekki hví aldraðir foreldrar, afar og ömmur, fá ekki þá þjónustu sem er svo sannarlega aðkallandi.

Umræðan að undanfögnu boðar vonandi að senn skapist breið og öflug samstaða um að tryggja varanlegar úrbætur á þessu sviði, samstaða sem sýnir að þakkarskuldi Íslendinga við hina eldri verði greidd innan tíðar með myndarbrag og fullum sóma.

Slíkur árangur ætti sér tvímælalaust djúpar rætur í starfinu sem Félag eldri borgara hefur unnið, í framlagi ykkar og málflutningi, í einarðri túlkun á því sem þarf að gera.

Félag eldri borgara hefur borið gæfu til að varðveita samstöðuna, að sækja í sig veðrið þótt oft væri talað fyrir daufum eyrum og á komandi árum verður áreiðanlega þörf fyrir slíkan baráttuvilja, fyrir hispurslausar útskýringar á úrbótunum sem verða æ meira aðkallandi.

Umræðutorgið verður sífellt fjölþættara því æ fleiri vilja taka til máls, samtök og miðlar kalla á athyglina og aldraðir þurfa öflugan rödd, talsmenn sem kveða skýrt að orði, málsvara sem tekið er eftir.

Öldruðum á eftir að fjölga til muna og eins og ég nefndi á nýársdag er líklegt að kröfur þeirra sem nú eru yngri verði meiri en hinna því unga fólkið hefur vanist einstökum gæðum, lífsháttum sem byggja á hagsældinni sem hinir öldruðu færðu í þjóðarbúið.

Það er hagur allra aldurshópa að málefni aldraðra komist fremst í forgangsröð og þjónusta og aðbúnaður skipulögð með þeim hætti að vel nýtist í framtíðinni.

Félagi eldri borgara hefur tekist að beina hugum þjóðarinnar fram á veg, sýna í hnotskurn verkefnin sem við okkur blasa og hvernig við eigum öll samleið.

Ég færi ykkur einlægur þakkir þjóðarinnar, árnaðaróskir og hvatningu um að halda ótrauð áfram, þakkir fyrir að hafa átt ríka hlutdeild í að bæta samfélagið, en umfram allt þakkir fyrir að halda vöku ykkar og sýna þjóðinni hvernig best er að inna þakkarskuld af hendi, hvernig við sýnum í verki að hin góðu gildi eru okkur leiðarljós.